Afbrotatölfræði 2005

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

AFBROTATÖLFRÆÐI 2005
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Nóvember 2006

Útgefandi:
Ríkislögreglustjórinn
www.rls.is
www.logreglan.is
Umsjón:
Svið 4
Rannveig Þórisdóttir félagsfræðingur
Hönnun forsíðu og viðauka:
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.
Mynd á kápu:
Júlíus Sigurjónsson, Foto.is sf.
Prentun:
Svansprent ehf.

Efnisyfirlit

AÐFARAORÐ **4**

HELSTU NIÐURSTÖÐUR **5**

AÐFERÐIR OG GÖGN **7**

Breytingar á tölvukerfi og fyrirvarar á tölfræði *8*

TILKYNNT AFBROT Á ÍSLANDI **11**

Kærðir í hegningarlagabrotum *13*

UMFERÐARLAGABROT 17

Kærðir í umferðarlagabrotum *19*

AUÐGUNARBROT 24

Kærðir í auðgunarbrotum *27*

KYNFERÐISBROT 31

Kærðir í kynferðisbrotum *33*

MANNDRÁP OG LÍKAMSMEIÐINGAR 35

Manndráp *38*

Kærðir í ofbeldisbrotum *40*

FÍKNIEFNABROT 41

Kærðir í fíkniefnabrotum *46*

EIGNASPJÖLL 48

Kærðir fyrir eignaspjöll *49*

NYTJASTULDUR 50

Kærðir fyrir nytjastuld *51*

BROT GEGN VALDSTJÓRNINNI 52

SKJALAFALS 54

BROT GEGN FRIÐHELGI EINKALÍFS 55

BROT GEGN ÁFENGISLÖGUM 56

FJÖLDI BROTA EFTIR EMBÆTTUM **57**

HEIMILDASKRÁ **74**

MYNDA- OG TÖFLUSKRÁ **75**

VIÐAUKI **78**

Aðfaraorð

Á síðasta ári gaf embættið út tvær fræðilegar rannsóknir. Aðra í samstarfi við Háskóla Íslands þar sem reynsla Íslendinga af afbrotum og viðhorf þeirra til lögreglu eru skoðuð og hins vegar rannsókn á heiðarleika lögreglu.

Í rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum kemur fram að mikill meirihluti þátttakenda sagði lögreglu sinna mjög eða nokkuð góðu starfi í þeirra hverfi til að stemma stigu við afbrotum eða 90% karla og 89% kvenna. Þá sögðust 94% þátttakenda vera öruggir í sínu hverfi en einungis 49% sögðust öruggir einir á gangi að næturlagi í miðborg Reykjavíkur á virkum dögum og 36% um helgar.

Fram kom að nokkur munur var á ánægju þeirra sem tilkynntu brot til lögreglu með störf hennar en svo virðist sem þeir sem tilkynntu ofbeldisbrot, þar með talin kynferðisbrot, væru líklegri en aðrir til að segja lögreglu ekki sýna næga samkennd. Mikilvægt er fyrir lögreglu að skoða niðurstöðurnar nánar og fá skilning á hvernig bæta má þjónustuna í samræmi við þessar niðurstöður.

Hvað rannsókn á heiðarleika lögreglu varðar benda niðurstöður til þess að íslenskir lögreglumenn hafi sterk viðhorf sem ganga gegn óheiðarlegri hegðun. Þá telja þeir viðurlög við broti í starfi vera sanngjörn og líklegt að þeir tilkynni agabrot starfsfélaga.

Mikilvægt er fyrir lögreglu að hafa aðgang að slíkum rannsóknum til að auka úrræði við að fækka afbrotum og jafnframt til að bæta gæði starfa lögreglu og þjónustu við almenning.

Nóvember 2006

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Helstu niðurstöður

- Mun færri hegningarlagabrot voru skráð á síðasta ári samanborið við árin á undan.
    - Er þar bæði um fækkun brota að ræða en einnig fækkun vegna tilkomu nýs skráningarkerfis lögreglu.
- Árið 2005 voru karlar tæplega 80% kærðra í hegningarlagabrotum. Þetta er svipað hlutfall og fyrri ár.

- Umferðarlagabrotum fækkar nokkuð á milli ára.
    - Annars vegar vegna breytinga í skráningu umferðaróhappa og hins vegar vegna fækkunar brota á reglum um skoðun ökutækja.
- Hraðakstursbrotum fækkar lítillega miðað við meðaltal áranna 2000 til 2004.
- Ölvunarakstursbrotum fjölgar milli ára en eru þó rúmlega 2% færri en meðalfjöldi 2000 til 2004.
- Karlmenn voru í miklum meirihluta kærðra í umferðarlagabrotum eða tæplega 75%.
- Ef tekið er mið af fjölda ökuskírteina í gildi má gera ráð fyrir því að um 14% ökumanna hafi verið kærðir fyrir eitt eða fleiri umferðarlagabrot á síðasta ári.
- Gróflega má áætla að rúmlega 10% ökumanna hafi einu sinni eða oftar verið kærðir fyrir of hraðan akstur árið 2005.
- Innan við 1% ökumanna voru kærðir fyrir ölvun við akstur árið 2005.

- Innbrotum fækkaði um tæplega 21% á síðasta ári miðað við meðalfjölda brota 2000 til 2004 og þjófnuðum um 30%.
- Konur voru rúmlega 36% kærðra fyrir þjófnaði og tæplega 14% fyrir innbrot.

- Árið 2005 voru 288 kynferðisbrot skráð hjá lögreglu sem er svipaður fjöldi og meðalfjöldi brota 2000 til 2004.
- Tilkynningum vegna nauðgana fjölgaði um rúmlega 43% milli 2004 og 2005 og um tæplega 30% þegar litið er til meðalfjölda tilkynninga fimm árin á undan.
- Karlmenn voru í miklum meirihluta kærðra vegna kynferðisbrota eða rúmlega 96%.
- Flestir þeirra sem kærðir voru fyrir kynferðisbrot árið 2005 voru yngri en 25 ára eða 31% kærðra.

- Árið 2005 voru 1.299 manndráp og líkamsmeiðingar tilkynntar til lögreglu sem er svipaður fjöldi og á síðustu árum.
- Árið 2005 voru þrjú manndráp skráð hjá lögreglu og er það sami fjöldi og árið á undan.
- Karlar voru í miklum meirihluta kærðra fyrir ofbeldisbrot eða tæplega 90%.
- Hlutfallslega flestir kærðra voru á aldrinum 15 til 24 ára.

- Fíkniefnabrotum fjölgaði um 58% árið 2005 samanborið við meðalfjölda brota síðustu fimm árin þar á undan.
- Brotum vegna vörslu eða neyslu fíkniefna fjölgar einna mest eða um 79% og brotum vegna dreifingar eða sölu fíkniefna eða um 43%.
- Árið 2005 lagði lögregla og tollgæsla hald á tæplega 21 kílógramm af hassi sem er 44% minna magn en lagt var hald á árið 2004.
- Á sama tíma var lagt hald á mun meira af maríhúana eða tæplega fimm kílógrömm árið 2005 samanborið við rúmlega tvö kílógrömm árið 2004.
- Haldlagningum á amfetamíni, hassi, maríhúana og tóbaksblönduðu hassi hefur fjölgað nær stöðugt frá árinu 2000.
- Í flestum fíkniefnamálum er aðeins einn einstaklingur kærður eða í rúmlega 76% mála.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota og verkefna eins og þau voru í lögreglukerfinu þann 23.05. 2006. Miðað er við fjölda skráðra brota og er ýmist talað um skráð eða tilkynnt brot. Brot er fært undir það embætti þar sem mál er kært og kemur þannig fram á yfirlitum. Ekki er einhlítt að mál sé kært í sama umdæmi og verknaður er framinn. Þessi háttur við úrvinnslu tölulegra upplýsinga er hins vegar nauðsynlegur til þess að unnt sé að ná saman gögnum um skráð brot þar sem vettvangur er í sumum tilvikum óþekktur, erlendis eða á hafi úti. Ártal í málsnúmeri ræður þegar talin eru brot hvers árs.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem voru tilkynnt til lögreglu en hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Sem dæmi um það má taka að maður sem handtekinn er í kjölfar þjófnaðar getur reynst bera á sér fíkniefni þannig að bæði er um að ræða auðgunarbrot og fíkniefnabrot.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað um fjölda skráðra brota árið 2005 og hlutfallslegt frávik frá meðalfjölda brota áranna 2000 til 2004. Upplýsingar fyrir árið 2000 eru fengnar úr ársskýrslu en fyrir árin 2001 til 2004 úr sérstökum tölfræðiskýrslum embættisins. Þá er leitast við að skoða brotaflokkinn nánar, eða einstök brot innan hans, með því að skoða vettvang brotanna og aðrar rannsóknir eða fyrirliggjandi gögn sem tengjast viðfangsefninu. Hafa ber í huga að vettvangur brotanna er ekki þekktur í öllum tilvikum og er því í umfjöllun miðað við þau brot þar sem vettvangur er þekktur.

Í skýrslunni er einnig fjallað um kærða einstaklinga árið 2005. Miðað er við þá sem voru handteknir, fengu stöðu sakbornings eða stöðu kærðs þegar fjallað er um kærða einstaklinga. Þegar reiknaður er út aldur kærðra er tekið mið af fæðingarári.

Í öðrum hluta skýrslunnar er fjöldi brota borinn saman milli landsvæða og umdæma miðað við 10.000 íbúa. Í þeim samanburði ber að hafa í huga að fleiri sveitarfélög en eitt heyra oftast undir hvert umdæmi lögreglu. Við útreikning á fjölda brota miðað við

fjölda íbúa er notast við endanlegar mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands 1. desember á undan því ári sem tölur um brot eiga við (sjá viðauka).

Fjöldi brota eftir landsvæðum og miðað við íbúafjölda er ekki reiknaður fyrir umdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara þar sem ekki er hægt að miða við tiltekinn fjölda íbúa og í mörgum tilvikum er erfitt að staðsetja brotin. Brot skráð á þessi embætti eru hins vegar talin með í heildarfjölda brota á landinu öllu miðað við íbúafjölda.

Breytingar á tölvukerfi og fyrirvarar á tölfræði

Þar sem lögregla hóf notkun á nýju skráningarkerfi í febrúar 2005 þarf að hafa nokkra fyrirvara á samanburði upplýsinga við fyrri ár. Meginástæðan er sú að uppbygging kerfisins tók nokkrum breytingum þar sem núverandi kerfi sameinar í raun nokkur eldri kerfi. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að nú skráir lögreglan í sama kerfi upplýsingar um atvik þar sem staðfestur grunur er um að brot hafi átt sér stað og einnig atvik þar sem ekki er vitað hvort brot hafi raunverulega átt sér stað eða ekki. Dæmi um slíkt er þegar lögreglu berast upplýsingar um þjófnað á ökutæki og hún mætir á staðinn en þá kemur í ljós að einn heimilismanna hefur fengið ökutækið lánað. Slíkt atvik var áður skráð í dagbók lögreglu en ekki fært í málaskrá. Í nýja lögreglukerfinu væri slíkt atvik hins vegar skráð en í stað þess að setja það í rannsóknarferil væri hægt að ljúka því líkt og um verkefni væri að ræða með því að setja það í stöðuna *Hætt við* eða *Bókun*. Því eru hér talin frá öll brot sem falla undir þessa ferla (þ.e. *Hætt við* eða *Bókun*) auk brota sem falla undir stöðuna *Lokið hjá FM*, *Verkefni lokið* eða *Drög*.

Tilkoma nýs kerfis getur einnig haft þau áhrif að brot og verkefni eru skráð með öðrum hætti en áður. Þannig voru brot flokkuð út frá brotaflokkum en í nýja kerfinu eru brot aðeins skráð undir lagagreinar. Þessi breyting hefur þau áhrif að ekki er lengur hægt að skrá atvik undir óljósa flokka eins og *Auðgunarbrot annað*. Áhrif þessara breytinga koma vel fram á mynd 1 þar sem tekin eru saman fjöldi hegningarlagabrota sem skráð voru að meðaltali í hvert mál.

Fram kemur að allt til ársins 2004 var að jafnaði aðeins eitt brot skráð í 70 til 80% mála en á síðasta ári var sambærilegt hlutfall hins vegar 91%. Að sama skapi var mun minna um að mörg brot væru skráð í sama mál á síðasta ári samanborið við árin á undan.



Mynd 1. Meðalfjöldi hegningarlagabrota sem skráð voru í hvert mál 1999 til 2005.

Sama þróun kemur í ljós þegar meðalfjöldi umferðarlagabrota í hverju máli er skoðaður (mynd 2). Þannig var eitt brot að meðaltali skráð í 74% mála árið 1999 en árið 2005 var eitt brot að meðaltali skráð í tæplega 90% mála.

Af þessu má sjá að skráning brota hefur tekið nokkrum breytingum með tilkomu nýja lögreglukerfisins og mikilvægt að hafa þetta í huga þegar fjöldi skráðra brota er borinn saman milli ára.



Mynd 2. Meðalfjöldi umferðarlagabrota sem skráð voru í hvert mál 1999 til 2005.

Við mat á gögnum lögreglu þarf að hafa nokkra aðra fyrirvara í huga. Þannig koma margir að skráningu gagna og því ekki víst að forsendur skráningar séu ávallt þær sömu. Upplýsingar geta einnig tekið breytingum með tímanum þar sem öll brot voru ekki full-rannsökuð þegar upplýsingar fyrir árið 2005 voru teknar saman. Að lokum er vert að benda á að ekki er um raunverulegan fjölda brota í samfélaginu að ræða þar sem ekki er tilkynnt um öll brot til lögreglu.

Tilkynnt afbrot á Íslandi

Vegna tilkomu nýs skráningarkerfis lögreglu verður að hafa nokkurn fyrirvara á samanburði milli ára. Hér eru upplýsingar fyrir árið 2005 því bornar saman við meðalfjölda brota áranna á undan og þannig leitast við að draga fram þróun yfir lengra tímabil. Eins og fram kemur á mynd 3 voru mun færri hegningarlagabrot skráð á síðasta ári samanborið við árin á undan. Fækkun brota kemur ekki á óvart enda hefur brotum verið að fækka hér á landi líkt og annars staðar í Evrópu og Bandaríkjunum á síðustu árum (sjá m.a. í Van Kesteren, Mayhew og Nieuwbeerta, 2000). Annar áhrifaþáttur eru breytingar á nýju kerfi (sjá aðferðakafla), þá bæði hvað varðar breytingar á fjölda brota sem skráð eru í hvert mál og hins vegar sá ferill sem málin fara í.

Umferðarlagabrotum fækkar nokkuð á milli ára eða um tæplega 22%. Eins og fram kemur á mynd 3 eru umferðaróhöpp ekki talin með hér þar sem þau eru nú afgreidd sem verkefni og falla því ekki undir þá skilgreiningu á brotum sem unnið er með í nýja lögreglukerfinu.

Þegar þróun innan einstakra brotaflokka er skoðuð (tafla 1) kemur í ljós að auðgunarbrotum fækkar verulega árið 2005 samanborið við árin á undan. Líklega er þarna að hluta til um raunverulega fækkun brota að ræða enda hefur auðgunarbrotum verið að fækka síðustu ár. Þó má einnig telja líklegt að breytingar í skráningu hafi eitthvað að segja. Sömu sögu er að segja af eignaspjöllum sem fækkar nokkuð milli ára. Þá má sjá að fíkniefnabrotum og áfengislagabrotum fjölgar milli ára en fjöldi brota gegn lífi og líkama er nokkuð svipaður og árið 2003 en ívið fleiri brot voru skráð 2005 en árið 2004.



	Hegningarlagabrot	Umferðarlagabrot*	Öll önnur brot
2001	18.547	58.968	5.612
2002	19.398	66.045	6.099
2003	17.515	56.817	7.096
2004	16.565	55.751	6.332
2005	12.028	43.488	7.167

* Umferðarlagabrot eru án umferðaróhappa og eru heildartölur því aðrar en í fyrri tölfræðiskýrslum.

Mynd 3. Fjöldi brota 2001 til 2005, eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi brota í nokkrum málaflokkum 2001 til 2005.

	2005	**2004**	**2003**	**2002**	**2001**
Auðgunarbrot	6.082	9.716	10.041	11.330	10.522
Áfengislagabrot	1.762	1.553	2.009	1.984	2.230
Brot gegn friðhelgi einkalífs	774	734	874	758	759
Brot gegn lífi og líkama	1.587	1.476	1.663	1.654	1.737
Eignaspjöll	2.643	3.536	3.883	4.141	4.463
Fíkniefnabrot	1.816	1.671	1.385	994	911
Skjalafals	333	328	340	513	398
Nytjastuldur	348	463	412	566	388
Umferðarlagabrot og umferðaróhöpp	46.479	64.070	64.510	73.573	66.570
Önnur brot	3.850	3.420	4.004	3.557	2.751
Samtals	**65.674**	**86.967**	**89.121**	**99.070**	**90.729**

Áhugavert er að skoða fjölda tilkynninga í nokkrum brotaflokkum árið 2005 samanborið við meðalfjölda tilkynninga á árunum 2001 til 2004. Þetta má sjá á mynd 4 sem sýnir frávik frá meðalfjölda. Þar kemur fram að árið 2005 fækkaði tilkynningum vegna auðgunarbrota um tæplega 42% miðað við meðalfjölda brota síðustu fjögur árin á undan. Eignaspjöllum fækkaði um 34% en fjöldi ofbeldisbrota var svipaður og fyrri ár. Einu brotunum sem fjölgar verulega eru fíkniefnabrot sem fjölgar um rúmlega 46% árið

2005 samanborið við meðalfjölda brota áranna á undan. Þegar mynd 4 er skoðuð vekur það athygli að verkefnum er snúa að frumkvæðisvinnu lögreglu fjölgar á sama tíma og brot sem oftast byggja á útköllum fækkar.



Mynd 4. Hlutfallslegt frávik árið 2005 frá meðaltali brota 2001 til 2004.

Kærðir fyrir hegningarlagabrot

Árið 2005 voru 3.507 einstaklingar og 31 fyrirtæki kærð fyrir 5.990 hegningarlagabrot. Eins og fram kemur á mynd 5 voru færri einstaklingar kærðir árið 2005 en árið 2001 sem er í samræmi við fækkun hegningarlagabrota á sama tíma. Þá kemur fram að kært var fyrir færri brot árið 2005 en fyrri ár sem skýrist að mestu af því að færri brot eru skráð í hvert mál nú en áður (sjá mynd 1). Þó svo að kærðum einstaklingum fækki á tímabilinu er hlutfall kærðra karla og kvenna svipað, en jafnan eru tæplega 80% kærðra í hegningarlagabrotum karlar og rúmlega 20% konur (mynd 6).



Mynd 5. Fjöldi kærðra einstaklinga fyrir hegningarlagabrot, fjöldi kæra og fjöldi tilkynntra brota árin 2001, 2003 og 2005.



Mynd 6. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir hegningarlagabrot 2001, 2003 og 2005.

Á mynd 7 má sjá að tæplega 70% karla og 85% kvenna sem kærð voru fyrir hegningarlagabrot árið 2005 voru aðeins kærð fyrir eitt brot. Athygli vekur þó að um þriðjungur karla voru kærðir fyrir fleiri en eitt brot.



Mynd 7. Hlutfall einstaklinga sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot árið 2005 eftir fjölda brota.



Mynd 8. Hlutfallsleg aldursdreifing meðal karla og kvenna sem kærð voru fyrir hegningarlagabrot árið 2005.

Meðalaldur karla sem kærðir voru fyrir hegningarlagabrot árið 2005 var tæplega 30 ár og 31 ár hjá konum. Eins og fram kemur á

mynd 8 voru hlutfallslega flestir á 17. og 18. aldursári þegar þeir voru kærðir. Þetta er svipað mynstur og fram hefur komið fyrri ár.

Umferðarlagabrot

Líkt og fram hefur komið voru 43.488 umferðarlagabrot (að frátöldum umferðaróhöppum) skráð á síðasta ári. Þetta er fækkun frá árinu á undan er þau voru 55.751. Á þessu eru nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi hefur breytt skráning þarna áhrif líkt og fram kom á mynd 2. Einnig fækkaði brotum vegna vanrækslu við að færa ökutæki til aðalskoðunar og endurskoðunar um 4.256 milli ára, einkum vegna breytinga á þessum lögum árið 2005. Þá fækkaði brotum vegna þess að ökumenn voru ekki með ökuskírteini meðferðis um 3.274 milli ára.

Eins og fram kemur á töflu 2 og mynd 9 hefur flestum umferðarlagabrotum fækkað milli ára. Þannig eru brot vegna aksturs gegn rauðu ljósi meira en helmingi færri árið 2005 samanborið við meðaltal áranna á undan og brotum vegna stöðvunarskyldu hefur fækkað um 71%. Hraðakstursbrotum fækkar einnig lítillega miðað við meðaltal og þrátt fyrir fjölgun ölvunarakstursbrota milli ára er um rúmlega 2% fækkun að ræða miðað við meðalfjölda brota áranna á undan.

Tafla 2. Fjöldi umferðarlagabrota[1] árið 2005, meðalfjöldi brota 2000 til 2004 og frávik frá meðaltali árið 2005.

	2005	**Meðaltal 2000 til 2004**	**Frávik frá meðaltali[2]**
Akstur gegn rauðu ljósi	1.029	2.294	-55
Stöðvunarskylda ekki virt	445	1.446	-71
Of hraður akstur	23.494	24.082	-2
Ölvun við akstur	1.946	1.992	-2
Önnur umferðarlagabrot	16.574	29.537	-42
Samtals	**43.488**	**59.351**	**-27**

[1] Um er að ræða umferðarlagabrot að frátöldum umferðaróhöppum og eru tölur því aðrar hér en í fyrri tölfræðiskýrslum.
[2] Frávik er reiknað miðað við einn aukastaf í meðaltali, sjá viðauka.



Mynd 9. Hlutfallslegt frávik árið 2005 frá meðaltali nokkurra umferðarlagabrota 2001 til 2004.



Heimild; Umferðarstofa og Ríkislögreglustjóri

Mynd 10. Fjöldi hraðakstursbrota og umferðarslysa 1999 til 2005 miðað við 100.000 ökutæki.

Þegar fjöldi umferðarslysa er skoðaður í samanburði við fjölda hraðakstursbrota og tekið er tillit til þróunar í fjölda ökutækja vekur athygli að þarna virðast lítil tengsl vera á milli. Þannig sýnir mynd 10 að þrátt fyrir nokkrar sveiflur í fjölda hraðakstursbrota er fjöldi umferðarslysa nokkuð stöðugur milli ára og fer fækkandi ef tekið er tillit til fjölda ökutækja. Af þessu má draga þá ályktun að eftirlit með umferð hafi ekki eitt og sér áhrif á tíðni umferðaróhappa enda séu aðrir þættir sem hafi þar einnig áhrif eins og aðstæður og ástand ökumanns.

Þá kemur fram í nýlegri rannsókn á akstursheðun Íslendinga að rúmlega 63% þátttakenda sögðu umferðareftirlit lögreglu hafa mjög eða frekar mikil áhrif á aksturslag sitt (Gallup, 2005). Konur voru líklegri til að segja umferðareftirlit hafa áhrif á aksturslag sitt en karlar og ökumenn yngri en 55 ára voru líklegri til að segja eftirlit hafa áhrif en þeir sem eldri eru. Þá vekur athygli að því oftar sem ökumenn segjast hafa brotið umferðarlög á síðustu sex mánuðum því líklegri eru þeir til að segja að umferðareftirlit hafi áhrif á aksturslag þeirra.

Kærðir fyrir umferðarlagabrot

Árið 2005 voru 26.315 einstaklingar og 108 fyrirtæki kærð vegna 38.105 umferðarlagabrota sem þýðir að kært var fyrir tæplega 88% umferðarlagabrota sem skráð voru hjá lögreglu. Karlmenn voru í miklum meirihluta kærðra eða tæplega 75%. Ef tekið er mið af fjölda ökuskírteina í gildi má gera ráð fyrir því að um 14% ökumanna hafi verið kærðir fyrir eitt eða fleiri umferðarlagabrot á síðasta ári. Hafa verður þann fyrirvara á þessari niðurstöðu að nokkur hluti kærðra eru erlendir ferðamenn sem hafa ekki íslensk ökuskírteini og geta því skekkt þetta hlutfall eitthvað.

Á síðasta ári voru 14.566 karlar, 4.813 konur og 43 fyrirtæki kærð vegna 23.345 hraðakstursbrota og var því kært fyrir rúmlega 99% allra hraðakstursbrota. Tæplega 82% þessara brota voru afgreidd með sektarboði og rúmlega 2% með sektargerð. Miðað við þessar tölur má gróflega áætla að rúmlega 10% ökumanna hafi einu sinni eða oftar verið kærðir fyrir of hraðan akstur árið 2005. Líkt og

áður var nefnt verður að hafa þann fyrirvara á þessum upplýsingum að erlendir ökumenn eru inni í fjölda kærðra ökumanna.

Mynd 11 sýnir hlutfallslega dreifingu í aldri þeirra karla og kvenna sem voru kærð fyrir of hraðan akstur. Fram kemur að aldursdreifingin er nánast eins hjá körlum og konum þó svo að karlar séu mun líklegri en konur til að vera kærðir fyrir of hraðan akstur.



Mynd 11. Hlutfallsleg aldursdreifing karla og kvenna sem kærð voru fyrir of hraðan akstur árið 2005.

Mynd 12 sýnir fjölda kæra vegna hraðaksturs árið 2005. Fram kemur að flestir ökumenn voru aðeins kærðir einu sinni eða 83% karla og rúmlega 91% kvenna. Þá voru tæplega 13% þeirra karla sem kærðir voru fyrir of hraðan akstur kærðir tvisvar sinnum sama árið og tæplega 3% þrisvar sinnum. Mun færri konur voru kærðar oftar en einu sinni eða rúmlega 7% tvisvar sinnum og 1% þrisvar sinnum.



Mynd 12. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir of hraðan akstur árið 2005 eftir fjölda brota.

Árið 2005 voru 1.269 karlar og 376 konur kærð vegna 1.790 ölvunarakstursbrota. Þegar aldursdreifing kærðra er skoðuð (mynd 13) má sjá að hún er nokkuð ólík því sem sjá má í hraðakstursbrotum. Þannig er hlutfall yngri ökumanna sem kærðir voru fyrir ölvunarakstur mun hærra en þegar litið er til hraðakstur.

Þá kemur fram að nánast allir sem kærðir voru fyrir ölvun við akstur árið 2005 voru aðeins kærðir einu sinni (mynd 14).



Mynd 13. Hlutfallsleg aldursdreifing karla og kvenna sem kærð voru fyrir ölvun við akstur árið 2005.



Mynd 14. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir ölvun við akstur árið 2005 eftir fjölda brota.

Sé miðað við fjölda ökuskírteina sem eru í gildi í dag má gera ráð fyrir því að innan við 1% ökumanna hafi verið kærðir fyrir ölvun við akstur árið 2005. Athygli vekur að í nýlegri rannsókn á

akstursheğun kemur fram að rúmlega 12% ökumanna sögðust hafa ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn áfengan drykk á síðustu 6 mánuðum áður en spurt var og tæplega 26% eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk (Gallup, 2005). Karlar voru líklegri en konur til að segjast hafa ekið eftir að hafa neytt eins áfengs drykkjar en ekki var kynjamunur meðal þeirra sem sögðust hafa ekið eftir að hafa drukkið meira en einn áfengan drykk.

Þá hefur verið bent á að þeir sem hafa ekið eftir að hafa drukkið einn áfengan drykk eru líklegri til að segjast hafa ekið eftir að hafa drukkið fleiri en einn áfengan drykk (Ólafur Örn Bragason, Haukur Freyr Gylfason og Rannveig Þórisdóttir, 2006).

Auðgunarbrot

Árið 2005 fækkaði auðgunarbrotum verulega miðað við fjölda brota árið á undan. Annars vegar er um raunverulega fækkun brota að ræða enda hefur auðgunarbrotum fækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Hins vegar er um að ræða breytingar vegna nýs lögreglukerfis sem meðal annars leiða til þess að auðgunarbrot fara í annan feril nú en áður. Eins og fram kemur á töflu 3 og á mynd 15 fækkaði innbrotum um tæplega 21% á síðasta ári miðað við meðalfjölda brota áranna á undan og þjófnuðum um tæplega 30%. Á sama tíma fer fjársvikum með greiðslukortum fjölgandi auk þess sem mun fleiri gripdeildir og rán voru tilkynnt til lögreglu á síðasta ári samanborið við meðaltal áranna á undan.

Í nýlegri rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum kom í ljós að af þeim sem höfðu orðið fyrir afbrotum sögðust flestir hafa orðið fyrir auðgunarbrotum. Þannig sögðu 22% þátttakenda að þeir eða einhver í fjölskyldu þeirra hafi orðið fyrir því að reiðhjóli væri stolið frá þeim á árunum 2000 til 2004, 20% höfðu orðið fyrir því að stolið væri frá þeim og 4,2% höfðu orðið fyrir innbroti (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Þá kom fram að flestir þeirra sem höfðu orðið fyrir afbroti sögðust hafa tilkynnt stuld á ökutæki til lögreglu eða tæplega 94%. Þá sögðu rúmlega 73% að innbrotið hafi verið tilkynnt til lögreglu og 28% þeirra sem hafði verið stolið frá.

Tafla 3. Fjöldi auðgunarbrota árið 2005, meðalfjöldi brota 2000 til 2004 og frávik frá meðaltali árið 2005.

	2005	Meðaltal 2000 til 2004	Frávik frá meðaltali[3]
Þjófnaðir[4]	3.181	4.515	-30
Innbrot	2.244	2.826	-21
Gripdeild (245)	93	50	85
Fundið fé, ólögleg meðferð á fundnu fé	19	34	-43
Fjárdráttur, munir (247)	16	18	-9
Fjárdráttur, peningar (247)	49	73	-33
Fjársvik, tékkasvik (248)	18	58	-69
Fjársvik, hótelsvik (248)	23	9	150
Fjársvik með stolnum tékkum (248)	7	15	-52
Fjársvik, tryggingasvik (248)	5	3	47
Fjársvik, greiðslukort (248)	105	36	193
Fjársvik, ýmislegt (248)	154	234	-34
Umboðssvik, greiðslukort (249)	5	12	-58
Umboðssvik, tékkar (249)	1	2	-50
Umboðssvik, ýmislegt (249)	4	15	-74
Átt við tölvubúnað (249a)	0	0	--
Skilasvik (250)	16	23	-30
Fjárkúgun (251)	4	3	54
Rán (252)	49	36	37
Misneyting (253)	4	8	-49
Hylming (254)	81	59	38
Hylming af gáleysi (263)	0	3	--
Auðgunarbrot, ýmislegt	4	17	-77
Samtals	**6.082**	**8.048**	**-24**

[3] Frávik er reiknað miðað við einn aukastaf í meðaltali, sjá viðauka.
[4] Um er að ræða fjölda þjófnaða að frátöldum innbrotum. Samtölur eru því aðrar hér en í fyrri tölfræðiskýrslum.



Mynd 15. Hlutfallslegt frávik nokkurra auðgunarbrota árið 2005 frá meðaltali 2000 til 2004.



Mynd 16. Hlutfallsleg skipting þjófnaðarbrota árið 2005.

Á síðasta ári var byrjað að greina þjófnaðarbrot nánar niður eftir því hverju var stolið eða reynt að stela. Þessi skráningaraðferð var tekin upp í febrúar með nýju kerfi og því er flokkurinn *Annað* enn

svo stór (mynd 16). Þó er áhugavert að skoða til viðmiðunar hvernig þjófnaðarbrot skiptast. Fram kemur að meirihluti þjófnaðarbrota fela í sér innbrot, þ.e. farið er inn á heimili, fyrirtæki, ökutæki eða annað með það í huga að stela. Þá flokkast tæplega 14% brota undir hnupl úr verslunum, tæplega 7% fela í sér þjófnað á reiðhjóli og tæplega 5% þjófnað á GSM-síma.

Eins og fram kemur á mynd 17 urðu nokkrar breytingar á vettvangi innbrota árið 2005 samanborið við árin á undan. Þannig voru hlutfallslega flest innbrot í íbúðarhúsnæði á síðasta ári en árin á undan voru innbrot í bifreiðar hlutfallslega flest. Þá fjölgaði innbrotum í fyrirtæki hlutfallslega á síðasta ári samanborið við árin á undan. Af þessu má álykta að fækkun innbrota á síðasta ári hafi verið mismunandi eftir tegund vettvangs. Innbrotum í bíla virðist þannig hafa fækkað hlutfallslega meira en innbrotum í heimahús og fyrirtæki.



Mynd 17. Hlutfallsleg dreifing innbrota samkvæmt málaskrá árið 2003 og 2004, eftir vettvangi.

Kærðir fyrir auðgunarbrot

Á síðasta ári voru 1.534 einstaklingar og 16 fyrirtæki kærð fyrir 2.609 auðgunarbrot. Karlmenn voru í meirihluta kærðra eða 70% og konur 30%. Þetta hlutfall er hærra en þegar kynjaskipting er skoðuð

meðal allra sem kærðir eru fyrir hegningarlagabrot sem vísar til þess að konur eru líklegri til að vera kærðar fyrir auðgunarbrot en önnur hegningarlagabrot.

Þegar litið er til þjófnaða sérstaklega kemur í ljós að árið 2005 voru 1.370 einstaklingar kærðir fyrir þjófnað, 356 fyrir innbrot og 1.014 fyrir önnur auðgunarbrot. Mynd 18 sýnir kynjaskiptingu kærðra fyrir innbrot og þjófnað. Fram kemur að konur voru rúmlega 36% kærðra fyrir þjófnað en eingöngu tæplega 14% fyrir innbrot.

Tafla 4 sýnir aldursdreifingu þeirra sem kærðir voru fyrir innbrot og þjófnað. Fram kemur að hlutfallslega flestir karlar sem kærðir voru fyrir innbrot voru á aldrinum 15 til 19 ára en konur voru hins vegar flestar á aldrinum 20 til 24 ára. Þegar litið er til þjófnaða eru bæði karlar og konur hlutfallslega flest á aldrinum 15 til 19 ára. Þegar tafla 4 er skoðuð vekur athygli hversu hátt hlutfall kærðra fyrir þjófnað var á aldrinum 20 til 30 ára en umræða um þjófnaði snýst gjarnan um einstaklinga yngri en 20 ára.



Mynd 18. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir innbrot og þjófnað árið 2005.

Tafla 4. Hlutfallsleg aldursdreifing kærðra karla og kvenna fyrir innbrot og þjófnað árið 2005.

	Innbrot		Þjófnaðir	
	Karlar	**Konur**	**Karlar**	**Konur**
Yngri en 15	1,3	0	3,6	8,2
15-19	36,2	26,5	25,4	23,9
20-24	20,5	30,6	19,5	14,9
25-29	12,1	12,2	10,8	10,1
30-34	9,8	2,0	7,1	5,7
35-39	6,2	16,3	7,7	7,9
40-44	6,8	6,1	6,0	8,2
45-49	3,3	4,1	6,2	6,3
50-54	2,0	2,0	3,6	4,1
55-59	1,0	0	3,1	2,7
60 ára og eldri	1,0	0	7,0	8,2

Myndir 19 og 20 sýna ítrekun innbrota og þjófnaða árið 2005. Fram kemur að flestir kærðra voru aðeins kærðir fyrir eitt brot, þó voru 30% karla kærðir fyrir fleiri en eitt innbrot árið 2005 og 21% fyrir fleiri en einn þjófnað. Þá voru 22% kvenna kærðar fyrir fleiri en eitt innbrot árið 2005 og rúmlega 11% fyrir fleiri en einn þjófnað.



Mynd 19. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir innbrot árið 2005 eftir fjölda brota.



Mynd 20. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir þjófnað árið 2005 eftir fjölda brota.

Kynferðisbrot

Árið 2005 voru 288 kynferðisbrot skráð hjá lögreglu sem er svipaður fjöldi og árið á undan (tafla 5). Fram kemur að árið 2005 fjölgaði tilkynningum vegna kynferðislegrar áreitni, vegna kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára og vegna vörslu á barnaklámi, miðað við meðalfjölda þessara brota árin á undan. Þá fjölgaði tilkynningum vegna nauðgana um rúmlega 43% milli ára og um tæplega 30% þegar litið er til meðalfjölda tilkynninga 2000 til 2004 (mynd 21).

Athygli vekur fjölgun tilkynninga vegna nauðgana árið 2005 en um er að ræða svipaðan fjölda og árið 2002 (sjá töflu v8 í viðauka). Ekki er víst að um raunverulega fjölgun brota sé að ræða enda virðist sem óvenju mikið af eldri málum hafi verið tilkynnt til lögreglu á síðasta ári. Þannig áttu tæplega 18% af þeim nauðgunarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2005 sér stað fyrir þann tíma. Árið 2004 var sambærilegt hlutfall eldri mála 8% og rúmlega 14% árið 2003.

Jafnframt ber að hafa í huga þegar fjöldi nauðgana er skoðaður að samkvæmt nýlegri rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum sögðust innan við 6% þeirra sem urðu fyrir kynferðisbroti á árunum 2000 til 2004 hafa tilkynnt það til lögreglunnar og 19% þeirra sem urðu fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005).

Í sömu rannsókn kemur fram að í flestum kynferðisbrotum er um einn geranda að ræða eða í 81% tilvika þegar um alvarlegt kynferðisbrot var að ræða og í 92% tilvika þar sem atviki var lýst sem særandi framkomu. Þó vekur athygli að tæplega fimmtungur þeirra sem urðu fyrir alvarlegu kynferðisbroti sögðu gerendur hafa verið tvo eða fleiri. Flestir sögðust þekkja brotamanninn eða mennina og nefndu tæplega 13% þeirra sem höfðu orðið fyrir alvarlegu kynferðisbroti að um náinn vin hafi verið að ræða og rúmlega fjórðungur þeirra sem höfðu orðið fyrir særandi framkomu sögðu einn eða fleiri brotamannanna hafa verið vinnufélaga.

Tafla 5. Fjöldi tilkynntra kynferðisbrota[5] árið 2005, meðalfjöldi brota 2000 til 2004 og frávik frá meðaltali árið 2005.

	2005	Meðaltal 2000 til 2004	Frávik frá meðaltali [6]
Nauðgun (194)	73	56	30
Ólögmæt nauðung (195)	2	2	--
Misneyting (andl. annm., rænuleysi)	25	27	-7
Misneyting (varúðarákv., trúnaðarbr.)[7]	2	8	-75
Misneyting, kynmök (frekl. Misn. á aðstöðu) (198.1)	1	1	--
Önnur kynferðisl. áreitni (198.2)	21	7	209
Svik (villa um hjúskap, error in persona)	0	0	--
Sifjaspell (200.1)	5	4	25
Sifjaspell (önnur kynferðisleg áreitni)	6	7	-14
Sifjaspell (kynmök systkina)	0	1	--
Mök við börn uppalanda	7	6	17
Önnur kynferðisl. áreitni við börn uppalanda	9	5	67
Mök við yngri en 14 ára (202.1)[8]	19	23	-19
Kynferðisbrot, við yngri en 14 ára (202.2)[9]	38	20	92
Kynf.br., yngri en 18 ára tældur til samræðis (202.3)[10]	2	4	-50
Gáleysi skv. 201 og 202 (204)	1	1	--
Vændi (206.1)	1	1	--
Hagnýting vændis (206.2)	0	1	--
Ginning, yngri en 18 ára, til lauslætis (206.3)	0	4	--
Hvatning til flutnings yngri en 21 árs	0	0	--
Hagnýting lauslætis annarra (206.5)	0	1	--
Blygðunarsemisbrot (209)	44	46	-4
Klám á prenti (210.1)	2	1	100
Útbreiðsla kláms (210.2)	2	6	-67
Afhending kláms til yngri en 18 ára	0	0	--
Varsla á barnaklámi (210.4)	25	12	102
Kynferðisbrot, annað	3	48	-94
Samtals	**288**	**294**	**-2**

[5] Röð á brotaflokkum er ekki í samræmi við röð á númerum brotaflokka sbr. meginyfirlit aftast í skýrslunni.

[6] Frávik er reiknað miðað við einn aukastaf í meðaltali, sjá viðauka.

[7] Brot starfsmanns gagnvart vistmanni eru nú skráð hér undir.

[8] Sameinaðir flokkar er snúa að 202.1.

[9] Misskráðist undir 202.1 í afbrotatölfræði 2003 fyrir árin 2000 til 2003.

[10] Kynferðisbrot, mök við 14-16 ára felld hér undir.

Þróun í fjölda tilkynntra kynferðisbrota sést enn betur á mynd 21 sem sýnir hlutfallslega breytingu í fjölda tilkynninga á síðasta ári samanborið við meðalfjölda tilkynninga 2000 til 2004. Fram kemur að brotum vegna kynferðislegrar áreitni fjölgaði nokkuð á síðasta ári miðað við fyrri ár. Sömu sögu er að segja af brotum vegna vörslu á barnaklámi og kynferðisbrotum gegn börnum yngri en 14 ára. Á sama tíma fækkar tilkynningum vegna blygðunarsemisbrota lítillega auk þess sem tilkynningum vegna nauðungar fækkaði um tæplega 17% miðað við meðaltal fyrri ára og brotum þar sem grunur er um að mök hafi átt sér stað við yngri en 14 ára fækkaði um tæplega 19%. Þá fækkar tilkynningum vegna misneytingar um 22% árið 2005 samanborið við meðalfjölda brota á árunum 2000 til 2004.



Mynd 21. Hlutfallslegt frávik árið 2005 frá meðaltali kynferðisbrota 2000 til 2004.

Kærðir fyrir kynferðisbrot

Árið 2005 voru 187 einstaklingar kærðir fyrir 238 kynferðisbrot. Karlmenn voru í miklum meirihluta kærðra eða rúmlega 96%. Í flestum tilvikum var kært fyrir eitt brot eða í 82% tilvika. Flestir þeirra sem kærðir voru fyrir kynferðisbrot árið 2005 voru yngri en

25 ára eða 31% kærðra. Þá voru tæplega 27% kærðra á aldrinum 25 til 34 ára og rúmlega 21% á aldrinum 35 til 44 ára. Tæplega 21% kærðra í kynferðisbrotum voru eldri en 44 ára.

Þegar litið er til einstakra brotaflokka kemur í ljós að kært var í rúmlega 68% nauðgunarmála, í 70% blygðunarsemisbrota og í 56% kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára.

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2005 (Stígamót, 2006) kemur fram að karlmenn voru gerendur í 97% þeirra mála sem bárust Stígamótum árið 2005. Þá kemur fram að líkt og í gögnum lögreglu eru flestir þeirra sem grunaðir eru um kynferðisbrot í yngri aldurshópunum. Þannig voru tæplega 23% gerenda 18 ára eða yngri þegar atvikið átti sér stað og 35% 19 til 29 ára.

Þegar litið er til þolenda kynferðisbrota kemur fram í rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005) að rúmlega 9% kvenna og 1,4% karla urðu fyrir kynferðisbroti á árunum 2000 til 2004. Um 42% karlanna og 48% kvennanna sögðu að um alvarlegt kynferðisbrot hafi verið að ræða en meirihluti þátttakenda lýsti atvikinu frekar sem særandi framkomu. Líkt og með þá sem grunaðir eru um kynferðisbrot voru yngri þátttakendur líklegri en þeir sem eldri eru til að segjast hafa orðið fyrir kynferðisbroti. Má því segja að flest kynferðisbrot séu framin af ungum karlmönnum gegn ungum konum.

Manndráp og líkamsmeiðingar

Árið 2005 voru 1.299 ofbeldisbrot tilkynnt til lögreglu sem er svipaður fjöldi og á síðustu árum. Árið 2005 voru þrjú manndráp skráð hjá lögreglu og er það sami fjöldi og árið á undan. Tilraunir til manndráps voru hins vegar sex sem er nokkur aukning miðað við meðaltal áranna 2000 til 2004. Þá fækkaði líkamsárásum á síðasta ári miðað við meðaltal áranna á undan en brot flokkast sem líkamsárás þegar um enga eða smávægilega áverka er að ræða. Minni háttar líkamsmeiðingum sem fela í sér brot þar sem alvarlegri áverkar hljótast af fjölgaði hins vegar á síðasta ári. Fjöldi alvarlegra líkamsmeiðinga, það er þegar árásaraðferð er hættuleg eða áverkar eins og beinbrot hljótast af, var hins vegar svipaður á síðasta ári samanborið við árin á undan.

Tafla 6. Fjöldi manndrápa og líkamsmeiðinga 2005, meðalfjöldi brota 2000 til 2004 og frávik frá því árið 2005.

	2005	**Meðaltal 2000 til 2004**	**Frávik frá meðaltali[11]**
Manndráp (211)	3	3	15
Manndráp af gáleysi (215)	1	8	-87
Líkamsárás (217)	848	1.065	-20
Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	353	181	95
Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	58	55	6
Líkamsárás, líkamsmeiðingar, gáleysi (219)	18	32	-44
Lífi eða heilsu annarra stofnað í augljósan háska (220.1)	7	3	150
Brot gegn lífi og líkama (220.4)	4	0	--
Látið farast fyrir að koma manni í lífsháska til bjargar	0	0	--
Ekki neytt þeirra bjargarmeðala sem fyrir hendi eru	0	0	--
Manndráp, tilraun	6	2	200
Líkamsárás, brot gegn lífi og líkama, ýmislegt	1	10	-90
Samtals	**1.299**	**1.359**	**-4**

[11] Frávik er reiknað miðað við einn aukastaf í meðaltali, sjá viðauka.



Mynd 22. Hlutfallslegt frávik árið 2005 frá meðaltali nokkurra ofbeldisbrota 2000 til 2004.

Þessi þróun sést enn betur á mynd 22. Þar kemur fram að á sama tíma og minni háttar ofbeldisbrotum fjölgar nokkuð stendur fjöldi alvarlegra brota nokkurn veginn í stað.

Rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum leiddi í ljós að 17% hótana og tæplega 18% ofbeldisverka áttu sér stað inni á heimili (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Þetta er nokkuð lægra hlutfall en tölur lögreglu segja til um en í fyrra áttu 27% líkamsárása sér stað inni á heimili og 28% líkamsmeiðinga (myndir 23 og 24). Þessi munur skýrist líklega einna helst af ólíkri skilgreiningu í rannsóknninni og í gagnasafni lögreglu þar sem annars vegar er átt við heimili þolanda (rannsóknin) en í gagnasafni lögreglu er eingöngu átt við að atvik hafi átt sér stað inni á heimili óháð því hver býr þar.



Mynd 23. Hlutfallsleg dreifing líkamsárása (217. gr. hgl.) 2003 til 2005, eftir vettvangi*.



Mynd 24. Hlutfallsleg dreifing líkamsmeiðinga (218. gr. hgl.) 2003 til 2005, eftir vettvangi*.

* Flokkarnir Utandyra og Akbraut/bifreiðastæði hafa verið sameinaðir hér.

Manndráp

Fjöldi manndrápa hefur verið nokkuð svipaður á síðustu árum en þar sem um mjög fá mál er að ræða eru sveiflur miklar milli ára. Þetta sést vel á mynd 25 en þar kemur fram að á tímabilinu hefur meðalfjöldi manndrápa miðað við 100.000 íbúa verið innan við eitt á ári. Þó má sjá að manndrápum miðað við íbúafjölda hefur fjölgað lítillega á tímabilinu.



Mynd 25. Fjöldi manndrápa miðað við 100.000 íbúa 1990 til 2005.

Í þeim 27 manndrápsmálum sem hafa verið tilkynnt til lögreglu frá 1990 var aðeins einn þolandi í hverju máli en í tveimur málum var um tvo gerendur að ræða. Eins og fram kemur á mynd 26 var meðalaldur látinna karla í manndrápsmálum 43 ár en 28 ár meðal kvenna. Þeir karlmenn sem voru ákærðir fyrir manndráp voru að jafnaði ívið yngri en fórnarlömbin en meðalaldur þeirra var 40 ár. Á hinn bóginn voru konur sem sættu ákæru að jafnaði ívið eldri en þolendur.

Í manndrápsmálum sem áttu sér stað á tímabilinu var oftast notast við einhvers konar vopn, í flestum tilvikum hníf eða í 44% tilvika. Í flestum tilvikum voru einhver tengsl á milli þolenda og gerenda til dæmis fjölskyldutengsl (30% tilvika), þeir voru vinir eða kunningjar (30% tilvika) eða vinnufélagar (11% tilvika).



Mynd 26. Meðalaldur látinna og ákærðra í manndrápsmálum 1990 til 2005.

Kærðir fyrir líkamsmeiðingar

Árið 2005 voru 772 karlar og 88 konur kærð fyrir 1.026 ofbeldisbrot. Eins og áður segir voru karlar í miklum meirihluta kærðra eða tæplega 90%. Tafla 7 sýnir aldursdreifingu kærðra. Þar kemur fram að hlutfallslega flestir kærðra voru á aldrinum 15 til 24 ára, eða tæplega 47% karla og rúmlega 46% kvenna.

Tafla 7. Hlutfallsleg aldursdreifing karla og kvenna sem kærð voru fyrir líkamsmeiðingar árið 2005.

	Karlar	Konur
Yngri en 15 ára	1,4	1,1
15-19	19,7	26,1
20-24	26,8	19,3
25-29	13,3	15,9
30-34	11,9	11,4
35-39	10,1	5,7
40-44	7,0	4,5
45-49	4,3	10,2
50-54	3,4	2,3
55-60	1,4	2,3
60 ára og eldri	0,6	1,1

Tæplega 87% karla sem kærðir voru fyrir ofbeldisbrot voru aðeins kærðir fyrir eitt brot og rúmlega 93% kvenna. Þá voru tæplega 10% karla kærðir fyrir tvö brot og tæplega 6% kvenna.

Í rannsókn á reynslu Íslendinga af afbrotum kom fram að 16% þátttakenda höfðu orðið fyrir ofbeldi eða hótun á árunum 2000 til 2004 og þar af 7% árið 2004 (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Mun fleiri karlar en konur höfðu einnig orðið fyrir ofbeldisbroti og voru einstaklingar í yngstu aldurshópunum einnig líklegri en þeir sem eldri eru til að segjast hafa orðið fyrir ofbeldi. Ungir karlmenn eru því bæði líklegastir til að vera gerendur og þolendur í ofbeldisbrotum.

Þegar spurt var um tengsl við gerendur í ofbeldisbrotum nefndu flestir náinn vin eða ættingja en einnig fyrrverandi maka/sambýlismann eða kærustu/kærasta.

Fíkniefnabrot

Ólíkt flestum öðrum brotum fjölgaði fíkniefnabrotum árið 2005 og hefur þessum brotum þá fjölgað stöðugt frá 2001 (sjá töflu v10 í viðauka). Í heild fjölgaði fíkniefnabrotum um 58% árið 2005 samanborið við meðalfjölda brota síðustu fimm árin þar á undan (tafla 8).

Tafla 8. Fjöldi fíkniefnabrota árið 2005, meðaltal 2000 til 2004 og frávik frá meðaltali 2005.

	2005	**Meðaltal 2000 til 2004**	**Frávik frá meðaltali[12]**
Dreifing, sala	114	80	43
Innflutningur	95	131	-27
Varsla, neysla	1.388	775	79
Framleiðsla	26	22	18
Ýmis fíkniefnabrot	193	140	38
Samtals	**1.816**	**1.148**	**58**



Mynd 27. Hlutfallslegt frávik árið 2005 frá meðalfjölda fíkniefnabrota 2000 til 2004.

[12] Frávik er reiknað miðað við einn aukastaf í meðaltali, sjá viðauka.

Þróun fíkniefnabrota sést enn betur á mynd 27. Þar kemur fram að brotum vegna vörslu eða neyslu fíkniefna fjölgar einna mest eða um 79% og brotum vegna dreifingar eða sölu fíkniefna eða um 43%. Á sama tíma fækkar hins vegar innflutningsbrotum nokkuð eða um 27%.

Á töflu 9 má sjá magn efna sem lagt var hald á árið 2005 samanborið við árin á undan. Fram kemur að á síðasta ári lögðu lögregla og tollgæsla hald á tæplega 21 kílógramm af hassi, sem er töluvert minna magn en árið áður og í raun minnsta magn af hassi sem lagt hefur verið hald á síðastliðin sjö ár. Einnig var minna tekið af amfetamíni árið 2005 en árið á undan eða tæplega níu kílógrömm. Eins og fram kemur á töflu 9 eru hins vegar miklar sveiflur í haldlögðu magni á amfetamíni milli ára. Þá voru tekin tæplega fimm kíló af Maríhúana árið 2005 sem er mun meira magn en árið á undan en svipað magn og árið 2000.

Fram kemur að minna var tekið af kókaíni árið 2005 en árið á undan en um svipað magn er að ræða og árin 2002 og 2003.

Tafla 9. Fíkniefni sem lagt var hald á af lögreglu og tollgæslu árið 1999 til 2005.

	2005	**2004**	**2003**	**2002**	**2001**	**2000**	**1999**
Hass (g)	20.772,2	36.944,79	54.967,69	57.563,83	46.857,54	26.630,34	41.622,10
Fræ (g)	123,7	62,98	64,15	198,35	24,52	17,5	48,88
Fræ (stk.)	15,9	428	857	408	330,45	940	61
Plöntur (stk.)	892	1.195	1.794	1.207	903	73	0
Maríhúana (g)	4.831,7	2.373,10	3.361,81	1.439,47	1.214,70	5.093,62	502,83
Tóbaksblandað hass (g)	405,8	303,22	320,28	159,07	134,87	117,63	201,99
Kannabislauf (g)	11.138,9	1.755,67	9.875,32	3.606,76	0	-	-
Kannabisstönglar (g)	3.171,1	1.681,48	3.677,70	85,65	1,74	-	-
Amfetamín (g)	8.931,9	15.783,04	2.945,40	7.161,22	1.018,94	10.267,46	5.078,1
Amfetamín (stk.)	986,3	75	309,5	109	2	17,5	57
Metamfetamín (gr)	3.987,2	303,1					
Kókaín (g)	1.138,8	6.159,97	1.192,09	1.869,56	598,87	944,88	955,43
E-töflur (g)	136,22	22,01	21,22	6,36	293,02	79,22	17,83
E-töflur (stk.)	1.518,5	7.532,4	3.189,75	814,5	93.715,50	22.056,5	7.478
Heróín (g)	0	0,05	2,89	0,16	0	0	0,57
LSD (stk.)	4.346	2.032	1	0	40	15	338,5
LSD (ml)	0	0	0	0	0	3	0

Þegar tafla 9 er skoðuð vekur það athygli að á sama tíma og minna er tekið af hassi er meira tekið af kannabislaufi sem gæti vísað til þess að á sama tíma og minna af hassi er flutt til landsins sé meira af efni framleitt hér á landi.

Mynd 28 sýnir þróun í magni á kannabisefnum og amfetamíni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á 1998 til 2005. Fram kemur að eftir mikla aukningu í haldlögðu magni á kannabisefnum fram til ársins 2003 hefur nokkuð dregið úr því magni sem tekið var. Á sama tíma eykst það magn af amfetamíni sem lagt var hald á þó svo að aðeins minna af efnum hafi verið tekið árið 2005 en árið 2004.



	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
kannabisefni	14.963	42.376	31.859	48.232	63.058	72.267	43.121	40.443
amfetamín	1.875	5.078	10.268	1.019	7.161	2.945	15.783	8.932

Mynd 28. Amfetamín og kannabisefni sem lagt var hald á 1998 til 2005.

Á mynd 29 má sjá hve miklar sveiflur eru á magni e-taflna sem lagt er hald á eftir árum. Fram kemur að mun minna var tekið af töflum á síðustu tveimur árum samanborið við árin á undan.



	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
E-töflur	2.149	7.478	22.057	93.716	814	3.190	7.532	1.518
E-töflur taldar fyrir Ísland	2.149	7.478	7.765	26.231	814	3.190	7.532	1.518

Mynd 29. E-töflur sem lagt var hald á 1998 til 2005.

Tafla 10 sýnir fjölda haldlagninga á árunum 2000 til 2005 eftir tegund efnis. Fram kemur að enn fjölgar haldlagningum á amfetamíni þó svo að nokkru minna magn hafi verið tekið árið 2005 samanborið við árið á undan. Þá má sjá að hass var tekið í 663 skipti árið 2005 sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan er lögregla og tollur haldlögðu hass í 519 skipti.

Þróun í fjölda haldlagninga sést enn betur á mynd 30. Þar kemur fram að haldlagningum á amfetamíni, hassi, marihúana og tóbaksblönduðu hassi hefur fjölgað nær stöðugt frá árinu 2000 en haldlagningum á kókaíni og e-töflum hefur hins vegar ekki fjölgað. Þegar litið er til þess hversu mikið lögregla og tollgæsla taka að meðaltali í hverri haldlagningu (mynd 31) má sjá að mun minna magn var að meðaltali tekið í hvert skipti árið 2005 samanborið við árin á undan. Þannig voru að meðaltali tekin rúmlega 31 gramm af hassi í hverri haldlagningu árið 2005 en árið 2004 var sambærilegt magn rúmlega 71 gramm. Þá voru tekin að meðaltali rúmlega 12 grömm af amfetamíni í hverri haldlagningu árið 2005 samanborið

við tæplega 23 grömm árið á undan. Speglar þetta áherslu lögreglu á aukið götueftirlit í fíkniefnamálum á síðasta ári.

Tafla 10. Fjöldi haldlagninga hjá lögreglu og tollgæslu árið 2000 til 2004, greint eftir tegund efnis.

	2005	**2004**	**2003**	**2002**	**2001**	**2000**
Amfetamín	735	690	386	255	196	169
E-töflur	95	98	116	58	68	66
Hass	663	519	506	363	327	264
Heróín	0	1	2	1	0	0
Kannabisfræ	18	26	41	24	19	18
Kannabislauf	23	19	20	33	3	0
Kannabisplöntur	32	29	27	28	10	6
Kannabisstönglar	15	7	3	3	1	0
Kókaín	100	95	75	53	58	44
LSD	27	2	1	0	3	3
Maríhúana	292	203	176	161	78	86
Tóbaksblandað hass	484	378	333	193	182	173



Mynd 30. Fjöldi haldlagninga eftir tegundum efna samkvæmt málaskrá 2000 til 2005.



Mynd 31. Meðalmagn efna sem lagt var hald á í hverri haldlagningu 2000 til 2005, greint eftir tegund efnis.

Kærðir fyrir fíkniefnabrot

Árið 2005 voru 1.396 einstaklingar kærðir fyrir fíkniefnabrot, 1.189 karlar og 207 konur og voru karlar því rúmlega 85% kærðra. Mynd 32 sýnir aldursdreifingu kærðra. Hlutfallslega flestar konur sem kærðar voru fyrir fíkniefnabrot voru um tvítugt þegar þær voru kærðar en hlutfallslega flestir karlar voru á 18. eða 19. aldursári. Þegar aldursdreifing kærðra er skoðuð vekur athygli hversu brött kúrfan er, þ.e. hversu fáir kærðra eru eldri en 30 ára.

Í flestum fíkniefnamálum er aðeins einn einstaklingur kærður eða í rúmlega 76% mála, þá voru tveir kærðir í tæplega 14% mála og þrír eða fleiri í 10% mála. Karlar eru ívið líklegri en konur til að vinna margir saman. Þannig var aðeins einn karlmaður í máli í tæplega 80% tilvika en í tæplega 87% tilvika hjá konum.

Þá voru konur mun líklegri en karlar til að vera aðeins kærðar fyrir eitt fíkniefnabrot árið 2005 (mynd 33) en um 30% karla voru kærð fyrir tvö eða fleiri fíkniefnabrot en rúmlega 16% kvenna.



Mynd 32. Aldursdreifing karla og kvenna sem kærð voru vegna fíkniefnabrota árið 2005.



Mynd 33. Hlutfall karla og kvenna sem kærð voru fyrir fíkniefnabrot árið 2005 eftir fjölda brota.

Eignaspjöll

